

## Svar

### heilbrigðisráðherra við fyrirspurn frá Guðmundi Inga Kristinssyni um úrræði fyrir börn með geðheilbrigðisvandamál.

1. *Hversu margir eru á biðlista eftir innlögn á barna- og unglिंगageðdeild Landspítala (BUGL)?*

Um miðjan september 2020 biðu níu börn eftir innlögn á legudeild BUGL.

2. *Hversu lengi hafa umsækjendur undanfarin þrjú ár bedið eftir því að verða lagðir inn? Svar óskast sundurliðað eftir meðallengd og lengsta einstaka tilviki.*

Stærsti hluti innlagna á legudeild BUGL eru bráðainnlagnir. Slíkar innlagnir gerast samdægurs og teljast 80–90% allra innlagna á BUGL til slíkra innlagna. Eftirfarandi tafla sýnir hlutfall bráðainnlagna í janúar til júní á árunum 2017–2020:

Hlutfall bráðainnlagna á BUGL	
	Jan- júní
2017	72%
2018	75%
2019	83%
2020	87%

Þegar mikið álag er á bráðþjónustu lengist biðtími þeirra sem eru á almennum biðlista. Biðtími eftir slíkri innlögn getur verið frá viku til nokkurra mánaða. Í því sambandi ber þó að geta þess að öll börn sem eru á biðlista eftir innlögn eru í virkri þjónustu göngudeildar BUGL. Meðalbiðtími göngudeildarþjónustu BUGL er nú um sjö og hálfur mánuður.

3. *Hefur starfsemi BUGL raskast vegna kórónuveirufaraldursins? Efsvo er, hvaða úrræðum hefur verið beitt til að tryggja öryggi barna sem þurfa á þjónustu BUGL að halda meðan á sóttvarnaráðstöfunum stendur?*

Starfsemi BUGL er tvískipt, annars vegar göngudeild BUGL og hins vegar legudeild BUGL. Öll bráðþjónusta beggja deilda var opin meðan fyrsta bylgja faraldursins gekk yfir en ekki voru tekin inn ný mál af biðlista á legudeild. Á göngudeild var reynt að notast við fjarfundalausnir í viðtölum við börn, hópúrræði féllu niður, nema svokallað PEERS–félagsfærninámskeið sem var haldið með notkun fjarfundabúnaðar. Í byrjun maí, þegar ströngustu hömlum var aflétt, fór þjónusta BUGL mjög fljótlega í eðlilegt horf og þjónustan gekk eðlilega í sumar. Í annari og nú þriðju bylgju faraldursins hefur sóttvarnareglum Landspítala verið fylgt en starfsemi BUGL hefur haldist óskert.

4. *Hversu mörg börn bíða eftir meðferð á vegum hins opinbera vegna geðrænna sjúkdóma?*

5. *Hversu mörg börn bíða eftir greiningu á geðrænum veikindum sínum?*

Geðheilsuvandi barna er mismunandi og getur til að mynda tengst tilfinningum, þroska eða hegðun. Ýmsar heilbrigðisstéttir veita börnum meðferð við þeim vanda sem við getur verið að glíma. Til þess að fá formlega greiningu á geðröskun þarf vandinn að vera orðinn mjög hamlandi í daglegu lífi barnsins. Ekki er talið æskilegt að bíða með meðferð þar til vandinn er kominn á það stig og ekki þarf alltaf greiningu til að heilsugæslan byrji að meðhöndla vandann. Best er að hefja meðferð við vanda um leið og hans verður vart enda er þannig hægt að fyrirbyggja að vandinn versni og mestar líkur eru á jákvæðri útkomu.

Heilsugæslan tekur á móti börnum með tilfinninga-, þroska- og hegðunarvanda. Auk þess veita sjálfstætt starfandi sérfræðingar ýmsa meðferð sem og sjálfstætt starfandi stofur sem bjóða m.a. upp á sálfræði- og lækniþjónustu.

Mismunandi er eftir stofnunum hvernig og hversu sérhæfðum greiningum unnt er að sinna. Það á einnig við um meðferð í framhaldi greininga. Upplýsingar um fjölda barna sem glíma við erfiðleika af ýmsu tagi eru því mismunandi eftir stofnunum og því ekki hægt að bera þær tölur beint saman milli stofnana eða leggja saman uppgæfna fjöldatölur milli stofnana. Einnig er mismunandi hvort fjöldi barna sem bíður eftir meðferð eða greiningu sé aðgreindur. Eftirfarandi yfirlit og munur á upplýsingum stofnana endurspeglar það. Því er 4. og 5. tölul. fyrirspurnarinnar svarað saman.

### **Landspítali.**

Á göngudeild Barna- og unglingsgeðdeildar (BUGL) bíða 107 börn eftir greiningu og meðferð. Að þarfagreiningu lokinni er metið hvort börn þurfi meðferð á BUGL eða hvort nærumhverfi geti tekið við þeim aftur. Þess ber að geta að BUGL hefur í tólf ár verið þátttakandi í samráðsteymum heilsugæslu, félagsþjónustu, barnaverndar og skólaþjónustu. Samráðsteymin tengja saman þjónustu í nærumhverfi barna á heildrænan hátt til þess að veita börnum þann stuðning, úrræði og meðferð sem þau þurfa til þess að dafna og njóta farsældar. Í dag eru 19 virk samráðsteymi, flest á höfuðborgarsvæðinu en einnig nokkur á landsbyggðinni.

### **Sjúkrahúsið á Akureyri.**

Hjá Sjúkrahúsinu á Akureyri (SAK) bíða núna samtals 10 börn og ungmenni eftir greiningu og meðferð hjá Barna- og unglingsgeðteymi SAK (BUG-teymi). Til viðbótar á eftir að taka fyrir mál 11 annarra barna og ungmenna og hafa þau því ekki hlotið afgreiðslu.

### **Heilsugæsla höfuðborgarsvæðisins.**

Hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins (HH) eru 15 heilsugæslustöðvar. Upplýsingar um hversu mörg börn bíða eftir meðferð og greiningu þar lúta annars vegar að bið eftir sálfræðiþjónustu á heilsugæslustöðvum og hins vegar bið eftir þjónustu á Þroska- og hegðunarstöð.

Í heild bíða 159 börn eftir greiningu og meðferð á heilsugæslustöðvum. Á tveimur þessara 15 heilsugæslustöðva bíður ekkert barn en á einni heilsugæslustöð bíða 25 börn. Leitast er við að forgangsraða málum eftir alvarleika vandans og nú er verið að fjölga stöðugildum sálfræðinga á heilsugæslustöðvum þar sem þörfin er mest.

Á Þroska- og hegðunarstöð bíða 584 börn eftir sérhæfðri þverfaglegri greiningu í kjölfar þess að frumgreining/skimun hefur sýnt sterkar vísbendingar um geðheilbrigðisvanda, svo sem ADHD, kvíða og annan tilfinningavanda, einhverfuróf, hegðunar- og samskiptavanda

auk námserfiðleika. Meiri hluti þessara barna glímur við vanda á fleiri en einu sviði. Börnin eru á aldrinum sex til 18 ára og af þeim bíða um 200 sérstaklega eftir greiningu vegna hamlandi einhverfurófseinkenna. Hvað varðar meðferð eru flest barnanna þó þegar komin í einhver úrræði, t.d. á vegum skóla, heilsugæslustöðva eða sjálfstætt starfandi fagaðila. Fullnaðargreining vandans er þó mikilvæg til að leggja sem best mat á hvers konar meðferð og úrræði eru líklegust til að skila árangri. Má þar nefna að til að hefja lyfjameðferð við ADHD eða skyldum röskunum þarf að liggja fyrir fullnaðargreining. Áætlað er að 300–400 þeirra barna sem eru á biðlistanum bíði eftir viðeigandi meðferðarþjónustu vegna síns vanda.

#### **Heilbrigðisstofnun Vesturlands.**

Á Heilbrigðisstofnun Vesturlands (HVE) eru 32 börn og ungmenni yngri en 18 ára á biðlista eftir þjónustu.

#### **Heilbrigðisstofnun Vestfjarða.**

Á Heilbrigðisstofnun Vestfjarða (HVEST) eru sjö börn á biðlista eftir þjónustu hjá sálfræðingi.

#### **Heilbrigðisstofnun Norðurlands.**

Á Heilbrigðisstofnun Norðurlands (HSN) eru 14 börn á biðlista eftir meðferð/greiningu sálfræðinga í sálfélagslegri þjónustu HSN. Fjöldi barna á biðlistanum getur þó sveiflast nokkuð.

#### **Heilbrigðisstofnun Austurlands.**

Á Heilbrigðisstofnun Austurlands (HSA) eru 95 börn á biðlista eftir sálfræðimeðferð innan heilsugæslu HSA.

#### **Heilbrigðisstofnun Suðurlands.**

Á Heilbrigðisstofnun Suðurlands (HSU) eru 132 börn á biðlista eftir sálfræðiþjónustu. Flest börn bíða í Árborg eða 70, í Rangárþingi eru 22 börn sem bíða en á öðrum svæðum eru innan við 10 börn á biðlista.

#### **Heilbrigðisstofnun Suðurnesja.**

Á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja (HSS) eru nú 33 börn á bið hjá forvarnar- og meðferðarteymi barna. Börn sem eru tekin af biðlista fara bæði í gegnum greiningu á geðrænum vanda og meðferð við þeim vanda. Í fáeinum tilvikum hafa börnin farið í gegnum greiningarferli, t.d. hjá skólasálfræðingi, áður en þeim er vísað í teymið.